

Vatnstjónstrygging

Skilmáli E-12

Vátrygging þessi er viðbót við brunatryggingu lausafjár nr. E-3.

- 1. gr. Bótasvið**
 - 1.1 Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum vatns, gufu eða olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja fasteignar og sökkuls hennar vegna bilunar eða mistaka. Hægur leki eða smit sem kemur smám saman fram telst ekki bótaskyld tjón í skilningi þessarar greinar. Þá er undanþegin niðurbæling eða hvers kyns spilling vökva úr handilátum, hvort sem slíkt gerist fyrir mistök eða bilun.
 - 1.2 Vátryggingin bætir, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., tjón af völdum vatns sem vegna óvenjumikils skýfalls eða asahláku nær ekki að streyma í niðurföll og flæðir inn í húsnæði vátryggðs eða þrýstist upp um frárennslisleiðslur. Til viðmiðunar um bótaskyldu samkvæmt þessari grein skal taka hvort að almennt eignatjón hafi orðið í nágrenni vátryggingastaðar vegna skýfallsins eða asahlákkunar.
 - 1.3 Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða vegna óveðurs sem veldur því að hús eða hluti húss rofnar. Með óveðri er átt við ofsaveður þar sem vindhraði fer yfir 30 m/sek. (11 vindstig) skv. mælingum Veðurstofu Íslands. Bætur greiðast fyrir allar skemmdir sem verða á hinu vátryggða þ.m.t. tjón vegna úrkomu sem fellur meðan veðrið varir eða strax í kjölfar þess. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort illviðri hafi valdið öðrum skaða á sömu slóðum þegar tjónsatburðurinn varð.
- 2. gr. Vátryggingastaður**

Vátryggingin nær aðeins til þess tjóns, sem verður á vátryggingarstað þeim, sem vátryggingaskírteini tilgreinir.
- 3. gr. Undanþágur frá bótaskyldu**

Ekki eru bótaskyld tjón sem orsakast af úrkomu (rigningu eða snjókomu), hvers kyns flóðum, snjóþíðu eða regnvatni frá þakrennum, niðurfallsrennum eða svölum. Þá eru ekki bótaskyld tjón sem orsakast af langvarandi raka eða vökvasmítun.
- 4. gr. Varúðarreglur**
 - 4.1 **Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hættu er á frosti.**
 - 4.2 **Vörubirgðir í kjöllum skulu geymdar á vörugrind eða palli og ennfremur verður að vera niðurfall í geymslurýminu.**
- 5. gr. Nánari afmörkun á hinu vátryggða**
 - 5.1 Bætur vegna peninga, verðbréfa og hvers kyns kröfuskjala takmarkast við 1% af vátryggingarfjárhæðinni nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
 - 5.2 Vátrygging þessi nær ekki yfir frumteikningar, handrit né önnur sambærileg vinnuskjöl nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
 - 5.3 Vátrygging þessi nær ekki yfir tölvuforrit, stafræn gögn á tölvudiskum eða hvers kyns upplýsingar á tölvukerfum nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 6. gr. Skoðunarréttur félagsins**

Félaginu er heimilt, meðan á vátryggingu stendur, að framkvæma skoðun á vátryggingarstaðnum, hvenær sem er og án fyrirvara.
- 7. gr. Sjálfsábyrgð**

Í hverju tjóni ber vátryggður sjálfsábyrgð eins og tiltekin er á skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 8. gr. Tilvísun til skilmála félagsins vegna brunatryggingar lausafjár og laga um vátryggingarsamninga**

Um vátryggingu þessa gilda jafnframt skilmálar félagsins nr. E-3 fyrir brunatryggingu lausafjár, að svo miklu leyti sem við á, og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2006